

Ed.

237. Nefndarálit

[123. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaður við þau.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar. Á fund nefndarinnar komu framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga og fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu, og gáfu þeir nefndinni margháttaðar upplýsingar um efni málsins. Nefndin varð ekki sammála um afstöðu til frumvarpsins.

Meiri hluti nefndarinnar telur, að með frumvarpi þessu sé gengið til móts við óskir Sambands ísl. sveitarfélaga og yfirlýsingar um að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðuð. Þá hefur félagsmálaráðherra lýst yfir að einstökum sveitarfélögum, sem kynnu að bíða fjárhagslegt tjón af ákvæðum þessara lagabreytinga, verði veitt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fengnum tillögum stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu, sem gerð er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. des. 1975.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
form., frsm.

Steinþór Gestsson,
fundaskr.

Axel Jónsson.

Jón Helgason.